

fengja þá frásögn áfrýjanda, að honum hafi ekki orðið kunnugt um lögtakið fyrir en fasteignin var auglýst til sölu í Lögbirtingablaðinu, en það var 27. ágúst s. l. eða eftir að 8 vikna áfrýjunarfresturinn var liðinn. Ber því að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda alla reikningsupphæðina kr. 411.83 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð skal úr gildi felld.

Hinn stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. rikissjóðs, greiði áfrýjanda, Kjartani Sveinsyni, krónur 411.83 í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. desember 1936.

Nr. 147/1936. Réttvísing og valdstjórnin

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Viktor Jakobsen

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi og fyrir að hafa ekið bifreið, þótt hann hefði hvorki ökuþróf né ökuleyfi.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. júní 1936: Ákærður. Victor Jakobsen, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í málinu.

Hann greiði hinsvegar 75 kr. sekt til rikissjóðs fyrir brot á bifreiðarlögunum.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 4 daga.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Guðmundar Guðmundssonar, cand. jur., kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi tekið eftir því, að nokkur börn voru kringum bifreiðina, meðan verið var að hlaða hana og þegar lagt var af stað frá húsinu nr. 57 við Grettisgötu, en ekki tjáist hann hafa veitt því athygli, að aðrir fylgdu bifreiðinni en Lenander, bróðir hans, og drengurinn Páll Ólafsson, 8 ára gamall, bróðir drengs þess, sem fyrir slysinu varð. Þrátt fyrir þetta verður að telja það upplýzt, að barnahópur hafi fylgzt með bifreiðinni, sem ekið var mjög hægt, frá því farið var af stað og að slysstaðnum. Þetta styðst við skýrslur drengjanna Lenanders og Páls svo og við önnur atvik málsins. Eins og á stóð um búferlaflutning þenna, sem nánar greinir frá í hinum áfrýjaða dómi, var það skylda ákærða að gera ráðstafanir til þess, að öruggar gætur væru hafðar á því, að börn, sem söfnuðust að bifreiðinni, héngu ekki utan í henni og yrðu fyrir henni. Þetta hefir ákærður ekki gert. Það verður því að telja, að hann hafi orðið orsök í slysinu sakir skorts á nægilegri varkárni. Hefir hann þar með gerzt sekur um brot, sem varðar við 200. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefir ákærður ennfremur gerzt brotlegur við 1. málsg. 5. gr. laga nr. 70 frá 1931 með því að aka bifreið án handleiðslu ökukennara, enda þótt hann hefði hvorki ökuþróf né ökuleyfi. Refsing ákærða, sem ekki var orðinn 18 ára, þegar brotin voru fram- in, þykir með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og

komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 70 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Viktor Jakobsen, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Viktor Jakobsen, lifrarbræðslumanni, til heimilis Grettisgötu 57 B hér í bænum, fyrir brot gegn 17. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70, 1931, um notkun bifreiða.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Vestmannaeyjum 19. júlí 1918. Hann hefir ekki fyrr sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 29. febrúar s. l. var Pétur Ingimundarson, sjómaður, að flytja búslóð sína frá Grettisgötu 57 B og að Hringbraut 76. Hafði hann til þess bifreiðina R. E. 410 og í forföllum bifreiðarstjórans stýrði henni ákærður í þessu máli. Var bifreiðin mjög hlaðin flutningi, en í framsæti hjá bifreiðarstjóra sat Pétur og hélt á 4 ára gamalli dóttur sinni. Einnig var farangur hafður í framrúmi. Bifreiðinni var ekið örþægð, svo gangandi fólk fylgdist með henni og eltu hana nokkur börn. Þegar komið var á Barónsstíginn, skammt suður fyrir Sundhöllina, heyrir ákærður, að bróðir hans, sem fylgdist með bifreiðinni, kallar til hans, að eitthvað sé að detta. Um sama leyti finnst honum afturhjólf bifreiðarinnar fara yfir eitthvað. Stöðvaði hann þá strax bifreiðina og kom þá fram, að 5 ára gamall drengur, Gisli Ólafsson að nafni, hafði orðið undir henni og andaðist hann strax af áverkunum.

Vitni hafa ekki orðið leidd að því, með hverjum hætti drengurinn varð fyrir bifreiðinni. Bróðir Gísli litla, 8 ára gamall, hefir þó skýrt frá því, að hann ásamt öðrum dreng, hafi hangið á gangbretti bifreiðarinnar. Hann hefir það eftir öðrum krökkum, að sá drengur hafi viljað fá meira pláss á brettinu og við það hafi Gísli litli fallið undir hjólið. Lenander Jakobsen, bróðir ákærða, 14 ára að aldri, gekk með bifreiðinni og kallaði til hans, að stoppa, því honum virtust sængurföt vera að detta af farangrinum. Kveður hann, að bifreiðin hafi stoppað strax, en þá var slysið orðið, og hafði Lenander ekki orðið var við það. Skömmu áður hafði Pétur Ingimundarson opnað hurðina og litið út og varð þá var við 3 drengi, sem fylgdust með bifreiðinni á gangstéttinni, en enga krakka í kringum hana.

Kærður hefir ekki tekið bifreiðarstjóraþróf, en hefir þó talið sig hafa nokkra æfingu í að aka bifreið og m. a. hafa ekið bifreiðinni R. E. 410 áður.

Eins og atvikum hefir verið lýst verður ákærðum ekki, að álitni réttarins, gefin sök á slysi þessu svo refsingu geti varðað, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna. Hann ekur ör-

hægt og stöðvar bifreiðina viðstöðulaust, þegar hann er að-
varaður um að eitthvað sé að fara aflaga. Það sem upplýst
er um nánari orsök slyssins bendir til, að það hafi verið
ákærðum með öllu óviðráðanlegt.

Hinsvegar hefir ákærður gerzt sekur við 5. gr. 1. mgr.
laga nr. 70, 1931 um notkun bifreiða með því að stýra bif-
reið án þess að hafa aldur til þess eða ökuskirteini. Þykir
refsing hans fyrir þetta hæfilega ákveðin 75 kr. sekt til
rikissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms
þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 4 daga.
Jafnframt greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar
með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Guð-
mundar Guðmundssonar cand. jur., er ákveðast kr. 50.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

Föstudaginn 18. desember 1936.

Nr. 97/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Helga Guðmundssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Maður dæmdur til refsingar og sviptur ökuleyfi
æfilangt fyrir að aka bifreið ölvaður í annað sinn.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
26. okt. 1935: Kærði, Helgi Guðmundsson, bifreiðarstjóri,
á Grund í Kolbeinstaðahreppi, greiði 200 — tvö hundruð
— króna sekt í rikissjóð, og komi einfalt fangelsi í 20
daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4
vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal kærði missa ökuskirteini það, er hann hefir,
æfilangt.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að lögum.